

Samkomulag um styrk/verkefni

1. Styrkveitandi

Nafn: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Heimili: Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbær
Kennitala: 640479-0279

Tengiliður styrkveitanda: Berglind Kristinsdóttir	Netfang: berglind@sss.is Sími: 420-3290
--	---

2. Styrkþegi/Samningsaðili

Styrkþegi/Samningsaðili: Expecturs Kt. 481208-0920	Framkvæmdaaðili/Starfsmenn: Magnús Árni Magnússon (Dr). Ragnhildur Ágústdóttir (M.Sc) Samstarfsaðilar (staðfestir):
--	--

3. Verkefni

Heiti verkefnis

Greining tækifæra í fjarnámskennslu á háskólastigi – Verkefni nr. 2.1.2 í skýrslu um Sóknaráætlun Suðurnesja.

Skilgreining menntastofnana á Suðurnesjum og greina tækifæri þeirra til samstarfs – Verkefni nr. 2.2.1 í skýrslu um Sóknaráætlun Suðurnesja.

Stutt lýsing verkefnis : (í samræmi við umsókn/verkáætlun)

Ýmsar og margbreytilegar menntastofnanir eru að finna á Suðurnesjum og er það hagur þeirra að þær vinni sem best saman. Vinna þarf greiningu á þeim tækifærum sem í því felast sem nýtist í ofangreindri vinnu, t.d. við stofnun samstarfsvettvangs námsráðgjafa og samstarfi um smiðjur. Verkefnið snýr að því að greina umhverfi fjarnámskennslu á háskólastigi á Suðurnesjum og þau tækifær sem kunna að felast í auknu samstarfi þar um.


Markmið verkefnis (í samræmi við umsókn/verkáætlun)

- Að greina tækifærin í samstarfi menntastofnana á Suðurnesjum.
- Að greina tækifæri í fjarnámskennslu á háskólastigi á Suðurnesjum

Árangursmat/ mælikvarðar (í samræmi við umsókn/verkáætlun)

Að skýrslunni sé skilað á réttum tíma

mótt 29. júní '18



Afurðir verkefni skv. umsókn/ verkáætlun og áætlun niðurstaða (þ.m.t. áætlun staða verkefnis í september sem er forsenda annarar greiðslu)

1. Söfnun og rýni gagna

Byrjað verði á að safna þeim gögnum sem til eru og ræða við stjórnendur menntastofnana á Suðurnesjum.

2. Greiningarfundur um samstarfstækifæri

Í framhaldi af því verði haldin greiningarfundur þar sem skilgreindir verði verði styrkleikar hvorrar stofnunar, veikleikar þeirra og ógnanir og tækifæri sem þær standa frammi fyrir, svo og verksvið þeirra og markhópar.

3. Vinnustofa um tækifæri í fjarnámskennslu á háskólastigi

Í samræmi við sóknaráætlun verði haldin sérstök vinnustofa um tækifæri í fjarnámskennslu á háskólastigi á Suðurnesjum með aðkomu þeirra sem koma að slíkri kennslu.

4. Vinnsla samstarfsáætlunar og ritun skýrslu

Í framhaldi þessarar vinnu verði samstarfsáætlun unnin í samráði við aðila. Gert er ráð fyrir að lokaafurð verði í formi tveggja skýrslna.

Upphafsdagur verkefnis:
Apríl 2013

Lokadagur verkefnis:
Desember 2013

4. Styrkur

Heildarkostnaður verkefnis:
Kr.2.700.000,-
Framlag úr Sóknaráætlun landshluta
Kr. 2.028.000,-

Innleggreikningur styrkþega:

slv. greiðslasedli


5. Skilmálar

Almennir skilmálar

Greiðslur á vegum sóknaráætlana landshluta eru háðar framvindu. Fullnægjandi skil upplýsinga um framvindu verkefna er forsenda þess að greiðsluskylda myndast til viðkomandi verkefnis. Meta skal árangur hvers verkefnis m.t.t. upphaflegrar verkefnislýsingar og verkáætlunar. Forsenda lokagreiðslu er að fyrir liggja lokaskýrsla þar sem fram kemur fjárhagslegt uppgjör og árangur verkefnis.

6. Notkun styrks

Styrkþegi ábyrgist að styrkurinn verði eingöngu notaður í það verkefni sem hann er veittur til og í samræmi við þá skilmála sem settir eru fyrir veitingu hans í þessu samkomulagi.



Ráðstafi styrkþegi styrknum, eða hluta hans, í annað verkefni en styrkurinn er veittur til eða fari notkun styrksins að einhverju leyti í bága við þá skilmála sem hér eru settir þá er styrkveitanda heimilt að rifta fyrirvaralaust samkomulaginu, stöðva frekari greiðslur á styrkfé og krefja styrkþega um endurgreiðslu á því styrkfé sem hann hefur þegar fengið greitt, í heild eða að hluta.

Sama gildir ef styrkþegi vinnur ekki verkefnið eða ef styrkveitandi fær ekki eða samþykkir ekki þau gögn sem styrkþegi á að afhenda meðan á verkinu stendur og við lok þess.

7. Greiðsla styrks

Greiðsla framlags til verkefnisins er ávallt háð framvindu. Greiðsluskylda myndast því þegar staðfest hefur verið að framvinda verkefnis sé samkvæmt áætlun. Skil styrkþega á upplýsingum um framvindu og staðfesting landshlutasamtaka á að verkefni sé á áætlun er forsenda greiðslu. Greiðsla styrks skal miðast við eftirfarandi:

- Við undirritun verkefnasamnings greiðast 40% styrkfjárhæðar enda komi fram lýsing og áætlun verkefnis.
- Þann 10. október 2013 greiðast 30% enda hefur áfangaskýrsla verkefnisins frá 15. september verið staðfest og framvinda fullnægjandi. Seinki framkvæmd verkefnis seinkar greiðslu samkvæmt því.
- Lokagreiðsla 30% greiðist þegar lokaskýrsla ásamt staðfestu fjárhagsuppgjöri hefur borist landshlutasamtökunum og að fyrir liggja staðfesting á að styrkþegi hafi uppfyllt skilmála styrksins.

Greidd styrkfjárhæð skal aldrei vera hærri en heildarkostnaður við verkefnið.

8. Upplýsingagjöf, uppgjör og endurskoðun

Styrkþega er skylt að upplýsa styrkveitanda tafarlaust um atvik sem valda töfum á verklokum eða hamlu því að hægt sé að ná markmiðum verkefnisins eða valda því að styrkþegi getur ekki uppfyllt þá skilmála sem fram koma í samkomulagi þessu.


Styrkþegi skilar styrkveitanda áfangaskýrslu um framgang verkefnisins 1. september 2013 sem lögð verður til grundvallar ákvörðun um útgreiðslu 2. greiðslu til verkefnisins

Styrkþegi skal veita styrkveitanda upplýsingar, hvenær sem styrkveitandi óskar þess, um framvindu og stöðu verkefnisins og hvað annað sem framkvæmd þess við kemur.

Styrkþegi skal skila lokaskýrslu og fjárhagslegu uppgjöri á verkefninu og senda styrkveitanda innan tveggja mánaða frá þeim verklokadegi sem skilgreindur er í þessu samkomulagi.

Fjárhagslegt uppgjör verkefnis skal vera undirritað af styrkþega sem með undirskrift sinni ábyrgist að varðveita öll gögn verkefnisins, þ.m.t. bókhaldsgögn, í a.m.k. sjö ár og hafa þau tiltæk óski Ríkisendurskoðun eftir því að skoða þau.

Ef styrkþegi sinnir ekki upplýsingaskyldu sinni eða gerir ekki viðunandi lokaskýrslu og lokauppgjör þá getur styrkveitandi rift samkomulaginu og krafist endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta eða öllu leyti.



Styrkþegi ber ábyrgð á að skila skattfyrvöldum fjárhagsuppgjöri og að öll gögn sem uppgjör byggir á séu varðveitt í a.m.k. fimm ár. Um eftirlit Ríkisendurskoðunar gilda lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.


9. Niðurstöður verkefnis


Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það sé styrkt af Sóknaráætlun landshlutans.

10. Vanefndir og ágreiningsmál

Mál sem rísa kunna vegna brota á samkomulagi þessu eða vegna ágreinings um túlkun þess skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Reykjanesbær 18.04.2018,


E. h. Landshlutasamtaka


F. h. styrkþega